

## ÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2002/EES/31/23

frá 10. nóvember 2000

## um staðlaðan samning um notkunarskilmála umhverfismerkis bandalagsins(\*)

(tilkynnt með númeri C(2000) 3278)

(2000/729/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum  
1. mgr. 175. gr.,með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB)  
nr. 1980/2000 frá 17. júlí 2000 um endurskoðað kerfi um  
veitingu umhverfismerkis bandalagsins <sup>(1)</sup>, einkum 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 1980/2000 er kveðið á um að samþykkja skuli staðlaðan samning í samræmi við málmeðferðina sem mælt er fyrir um í 17. gr.
- 2) Rétt er, ekki einungis til að koma í veg fyrir röskun á samkeppni heldur einnig til að tryggja að staðinn sé vörður um hagsmunum neytenda og notenda, að notkunarskilmálar merkisins séu þeir sömu í gervöllu bandalaginu.
- 3) Þar til bærnum aðilum ætti hins vegar að vera kleift að fella viðbótarákvæði inn í samninginn með fyrirvara um samhæfi við reglugerð (EB) nr. 1980/2000.
- 4) Rétt er að í samningnum skuli vera ákvæði um eftirlit með því að honum sé fylgt sem ætti að gera þar til bæra aðilanum kleift að tryggja að merkið sé einungis notað fyrir vörur sem uppfylla markmiðin og meginreglurnar sem tilgreindar eru í 1. gr. reglugerðar (EB) nr. 1980/2000 og eru í samræmi við skilmála samningsins.
- 5) Enn fremur er rétt að í þeim tilvikum þar sem markmiðum og meginreglum umræddrar reglugerðar og skilmálum samningsins er ekki fullnægt ætti að setja ákvæði varðandi tímabundna sviptingu eða afturköllun á veitingu merkisins.

- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót samkvæmt 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 1980/2000.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Samningurinn sem gera skal á milli þar til bæra aðilans og hvers umsækjanda, í samræmi við 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 1980/2000, skal vera settur fram með þeim hætti sem lýst er í viðaukanum við þessa ákvörðun.

2. gr.

Með fyrirvara um 1. gr. er þar til bæra aðilanum heimilt að fella viðbótarákvæði inn í samninginn að því tilskildu að slík viðbótarákvæði samræmist reglugerð (EB) nr. 1980/2000.

3. gr.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/517/EBE frá 15. september 1993 varðandi staðlaðan samning með skilmálum um notkun á vistmerki EB <sup>(2)</sup> er hér með felld úr gildi.

4. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 10. nóvember 2000.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Margot WALLSTRÖM

framkvæmdastjóri.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið, EB L 293, 22.11.2000, bls. 20, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 139/2001 frá 9. nóvember 2001 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn. Sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna nr. 6, 24.1.2002, bls. 23.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 237, 21.9.2000, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 243, 29.9.1993, bls. 13.

## VIÐAUKI

## STAÐLAÐUR SAMNINGUR UM NOTKUNARSKILMÁLA UMHVÆRFISMERKIS BANDALAGSINS

## INNGANGSORÐ

Þar til bær aðili . . . (fullt heiti) nefndur hér á eftir „þar til bær aðili“ til heimilis að. . . (fullt heimilisfang), sem. . . . .  
. . . (nafn hlutaðeigandi) er fulltrúi fyrir við undirritun og. . . (fullt nafn handhafa), sem framleiðandi, innflytjandi, þjónustuveitandi, kaupmaður eða smásali sem er opinberlega skráður á heimilisfangið . . . (fullt heimilisfang), nefndur hér á eftir „handhafi“, sem . . . (nafn hlutaðeigandi aðila) er fulltrúi fyrir, hafa komið sér saman um eftirfarandi með tilliti til notkunar á umhverfismerki bandalagsins:

## 1. gr.

## RÉTTINDI OG SKYLDUR

- 1.1. Þar til bær aðili veitir handhafa rétt til að nota umhverfismerkið á vörur sínar eins og lýst er í meðfylgjandi vöruforskriftum, sem eru í samræmi við viðeigandi vöruflokksviðmiðanir sem eru í gildi fyrir tímabilið. . . . . samþykktar af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna þann . . . (dagsetning), birtar í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* frá . . . . (full tilvísun) og meðfylgjandi sem viðauki við þennan samning.
- 1.2. Auðvelt skal vera að koma auga á umhverfismerkið og einungis skal nota það í því formi og með þeim lit sem mælt er fyrir um í forskriftinni fyrir umhverfismerkið, sem þar til bær aðillinn kveður á um, og er meðfylgjandi sem viðauki við þennan samning. Rétturinn til afnota af umhverfismerkinu nær ekki til notkunar umhverfismerkisins sem hluta af vörumerki.
- 1.3. Handhafi skal tryggja að varan, sem á að merkja, samrýmist allan gildistíma þessa samnings öllum notkunarskilmálum og ákvæðum í þessum samningi og vöruflokksviðmiðunum og forskriftum að umhverfismerkinu, sem um getur í viðaukunum við þennan samning, sem eru í gildi umræddan tíma. Ekki er krafist nýrra umsókna vegna breytinga á eiginleikum vara sem ekki hafa áhrif á samræmi við viðmiðanir. Handhafi skal hins vegar tilkynna þar til bæra aðilanum um slíkar breytingar með ábyrgðarbréfi. Þar til bæra aðilanum er heimilt að framkvæma viðeigandi sannprófanir.
- 1.4. Heimilt er að víkka samninginn út þannig að hann nái til fleiri vara en upphaflega var gert ráð fyrir með fyrirvara um samþykki þar til bærs aðila og með fyrirvara um það skilyrði að þær tilheyri sama vöruflokki og að þær séu í samræmi við viðmiðanir hans. Þar til bæra aðilanum er heimilt að sannprófa hvort þessi skilyrði séu uppfyllt. Viðaukanum, þar sem forskriftirnar varðandi vöruna eru tilgreindar, skal breytt eftir því sem við á.
- 1.5. Þátttaka í umhverfismerkerfinu skal vera með fyrirvara um umhverfiskröfur eða aðrar stjórnvísingur eða aðrar stjórnvísingur bandalagslaga eða innlendra laga sem eiga við um mismunandi stig á endingartíma vörunnar, og eftir því sem við á, þjónustu.

## 2. gr.

## AUGLÝSINGAR

- 2.1. Handhafi skal aðeins vísa til veitingar umhverfismerkisins í tengslum við vöruna sem um getur í 1. gr. og í viðaukanum við þennan samning.
- 2.2. Handhafi skal ekki auglýsa eða gefa yfirlýsingar eða nota nokkurt merki eða kennimerki á þann hátt er gæti haft röng eða misvísandi áhrif eða valdið ruglingi eða skaðað ímynd umhverfismerkisins.
- 2.3. Handhafi, ber samkvæmt þessum samningi, ábyrgð á því á hvern hátt umhverfismerkið er notað í sambandi við vöru hans, einkum hvað auglýsingar snertir.

## 3. gr.

## EFTIRLIT MEÐ ÞVÍ AÐ ÁKVÆÐI SÉU UPPFYLLT

- 3.1. Þar til bær aðilar, þ. m. t. fulltrúar hans, sem hafa heimild til þess, mega gera allar nauðsynlegar rannsóknir til að fylgjast með því hvort handhafi uppfylli bæði vöruflokksviðmiðanir og notkunarskilmála sem og ákvæði þessa samnings. Þar til bæra aðilanum er heimilt í þessu skyni að krefjast allra viðeigandi skjala því til sönnunar að ákvæði séu uppfyllt og ber handhafa að verða við því.
- 3.2. Þá getur þar til bær aðili, þar með taldir löglegir fulltrúar hans í þessu skyni, hvenær sem er á eðlilegum tíma og án fyrirvara krafist aðgangs að þeim húsakynnum, sem um getur í viðaukanum eða hluta hans, í þeim tilgangi sem segir í 1.mgr. þessarar greinar og skal handhafi verða við því.
- 3.3. Handhafi ber þann kostnað sem telst eðlilegur og þar til bær aðili verður fyrir samkvæmt þessari grein.